

Nd.

378. Frumvarp til laga

um eftirlit með verzlun með fódurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um verzlun með fódurblöndur.

1. gr.

Tilraunaráð búfjárræktar, sem skipað er samkvæmt lögum nr. 64 frá 7. maí 1940, hefur á hendi eftirlit með verzlun með fódurvörur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans skal annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, og starfsmenn hennar skulu taka sýnishorn hjá framleiðendum og innflytjendum í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum, sem því verður við komið, eftir fyriræmum tilraunaráðs, en ef hentugra þykir, getur tilraunaráð samið við aðra aðila að vera trúnaðarmenn sína um töku sýnishorna.

3. gr.

Eftir 1. janúar 1947 má enginn framleiða til sölu né flytja inn fódurblöndur, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitt er að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fódurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum þoka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fódurtegunda, sem notaðar eru í fódurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfé blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fódureiningu af fódurblöndunni.
6. Mve mörg kg þarf af fódurblöndunni í hverja fódureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar þer að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fódurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Framleiðendur og innflytjendur fódurblandna skulu ársfjórðungslega greiða ákveðið eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja og flytja inn af fódurblöndunni. Ákveður landbúnaðarráðherra gjaldið fyrirfram fyrir hvert ár. Heimilt er framleiðendum að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Af gjöldum þeim, sem um ræðir í 5. og 10. gr., skal stofna sjóð, er nefnist eftirlitssjóður fódurvara. Skal úr sjóði þessum greiða kostnað við eftirlit það, sem lög þessi fjalla um.

Tilraunaráð búfjárræktar annast rekstur sjóðsins, innheimtir gjöld til hans og greiðir kostnað við eftirlitið, svo sem töku sýnishorna og efnagreiningar. Gjöld af innfluttum fódurblöndum skulu innheimt með öðrum innflutningsgjöldum, eftir fyriræmum tilraunaráðs.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til tilraunaráðs fyrir störf þess vegna eftirlitsins. Hann skipar einnig endurskoðendur eftirlitssjóðs. Nægi tekjur eftirlitssjóðs á einhverjum tíma ekki til þess að greiða kostnað við eftirlitið, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði. Tekjuafgangur rennur árlega í ríkissjóð.

7. gr.

Í fódurblöndur má aðeins nota þær fódurtegundir eða fódurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi tilraunaráðs. Eigi má nota fódurtegundir, sem hafa minna-fóðurgildi en sem svarar 55 fe. í 100 kg.

8. gr.

Við efnarannsókn á fódurblöndum má hið reiknaða fódurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fódurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvítu má ekki víkja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali.

Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fóðurgildistölu eða of mikið frávik frá eggjahvítumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal tilraunaráð skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fóðurgildistölum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða.

9. gr.

Sýnishorn til efnarannsókna skulu tekin eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári af hverri tegund fóðurlöndu. Sýnishornin skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afgreiðslu, og án þess að framleiðandinn fái fyrirfram vitneskju um það. Einnig er heimilt, ef ástæða þykir til, að taka sýnishorn hjá verzlunum, sem verzla með fóðurlöndur, og bændum, en aðeins úr lokuðum pokum og aldrei úr færri pokum en 3 af sömu tegund. Á framleiðslustað skal taka sýnishorn úr tíunda hverjum poka, og aldrei skal taka færri sýnishorn en til 5 efnarannsókna. Eftirlitsmanni skal frjálst að taka sýnishorn úr þeim pokum, sem honum þóknast af hverri tegund. Sýnishornin skulu tekin með þar til gerðum bor. Öllum sýnishornunum af hverri tegund skal síðan blandað vel saman og gerð af þeim tvöföld efnagreining.

10. gr.

Framleiðendum og innflytjendum skulu ávallt að lokinni efnagreiningu sendar skýrslur um niðurstöðurnar ásamt athugasemdum tilraunaráðs, ef einhverjar eru. Í fyrsta sinn, sem einhver fóðurlöndur vikur óleyfilega frá tilteknu fóðurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fóðurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til eftirlitssjóðs verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fóðurlöndunnar til eftirlitssjóðs. Skal gjaldið miðast við selt vörumagn á tímabilinu milli tölku sýnishorna.

Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati tilraunaráðs, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fóðurgildis, sem vantar á, að fóðurlöndun reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi tilraunaráðs orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Heimilt er aðilum að skjóta máli sínu til dómstólanna.

11. gr.

Tilraunaráð skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í búnaðarblaðinu Frey skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurlöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hvernar tegundar, verð, tilgreint fóðurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fóðurlöndur er ætluð. Jafnframt skal tilraunaráð birta niðurstöður af efnarannsóknum hvernar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknunum, sem gerðar hafa verið.

II. KAFLI

Um verzlun með sildarmjöl og fiskimjöl.

12. gr.

Til fóðurs innanlands mega sildarverksmiðjur landsins aðeins selja það sildarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða,

getur landbúnaðarráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fódurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara.

13. gr.

Að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar og Búnaðarfélags Íslands getur landbúnaðarráðherra skipað svo fyrir, að tilraunaráð búfjárræktar skuli hafa trúnaðarmenn starfandi yfir sildveiðitímann við sildarverksmiðjur ríkisins, eftir því sem þurfa þykir. Verkefni þeirra skal vera það að taka sérstaklega frá það mjöl, sem ætlað er á innlandan markað. Sildarverksmiðjurnar skulu sjá um, að þessu mjöli verði komið fyrir í sérstökum geymslum og afgreitt til íslenzkra kaupenda.

14. gr.

Nú koma ákvæði 13. gr. til framkvæmda, og skulu sildarverksmiðjur ríkisins þá innheimta gjald af hverjum sekk, sem þær selja til íslenzkra kaupenda. Gjald þetta skal ákveðið af landbúnaðarráðherra fyrir hverja vertíð eftir tillögum tilraunaráðs búfjárræktar, og skulu sildarverksmiðjurnar standa skil á því til eftirlitssjóðs.

15. gr.

Trúnaðarmenn tilraunaráðs búfjárræktar í sildarverksmiðjunum skulu stimpla hvern sekk, sem þeir taka frá til innanlandssölu, með sérstöku merki.

16. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fódurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum tilraunaráðs búfjárræktar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum tilraunaráðs, er það háð eftirliti á sama hátt og fódurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fódurblöndum samkvæmt 5. gr.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazzt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjaranfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta er samið og sent landbúnaðarnefnd af fyrrverandi landbúnaðarráðherra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð frá höfundum þess, þeim Pétri Gunnarssyni tilraunastjóra og Gunnari Bjarnasyni ráðunaut:

Eftir óskum frá Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðardeild Atvinnudeildarinnar höfum við samið meðfylgjandi uppkast að lögum.

Bændur og einstök búnaðarfélög hafa oft sent kvartanir til Búnaðarfélagsins, búnaðarþings og landbúnaðardeildarinnar vegna verzlunar með fódurbæti. Búnaðarþing hefur í endurtekin skipti gert samþykktir í málinu og óskað eftir, að hið opinbera gerði ráðstafanir til úrbóta. Raunhæfar aðgerðir hafa þó ávallt strandað, aðallega vegna þess, hve ófullkomin lögín frá 27. júní 1921, nr. 28, eru.

Téð lög ætlast til, að stjórnarráðið sjái um, að kaupendum fódurvara verði veitt nokkurt öryggi gagnvart vörusvikum, svo sem með því að:

1. Gefa út eyðublöð fyrir tryggingarskjöl, sem þeir, er verzla með fódurvörur, skulu tilgreina á ýmiss konar upplýsingar um vörur, eins og um getur í 2. gr. lag-

anna. Ýmis af þeim atriðum, sem þar eru tekin fram, eru þó vafasöm, og að síðustu segir í 2. gr. 12. lið: „Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sé ekki um það kunnugt.“ Vegna þessa ákvæðis getur seljandi ávallt skotið sér undan skyldum þeim, sem lög þessi setja á hann.

2. Setja reglugerð um, að umbúðir varanna skuli bera með sér, hvert sé nafn vörunnar, nafn verksmiðju eða seljanda og „hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskirteini, hafi það verið gefið.“

Í ákvæðum um töku sýnishorna segir, að báðir aðilar, seljandi og kaupandi, eða umboðsmenn þeirra, þurfi að vera viðstaddir, þegar sýnishorn eru tekin, annars 2 menn skipaðir af lögreglustjóra. Þó hefur rannsóknarstofa ríkisins eða aðrar löggiltar rannsóknarstofur rétt til töku sýnishorna, án þess að nokkur fyriræli séu um eftirlitsskyldu þeirra.

Um skaðabótaskyldu segir í 8. gr. „Nú reynist verðmæt efni áburðar og fódurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefur verið á tryggingarskirteinum að minnst geti verið, og á kaupandi þá rétt til skaðabóta hjá seljanda, skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða eftir reglum, er stjórnarráðið setur,“ o. s. frv.

Eftir því, sem við höfum næst komið, hafa flest ákvæði þessara laga aldrei komið til framkvæmda. Reglur og reglugerðir aldrei verið settar af stjórnarráðinu, skirteini og eyðublöð aldrei verið útgefin og kaupendur fódurvara því aldrei getað fengið bætur eða neinar leiðréttingar, þótt vörunnar hafi verið mjög illa framleiddar eða sviknar.

Við viljum benda á, að auk þeirra ágalla laganna, sem við höfum útskýrt, þá er erfitt að fella það fyrirkomulag og þær stofnanir, sem viðeigandi væri, að nú fjölluðu um málið, inn í ramma laganna, sem eðlilegt er, þar sem þau eru nú orðin 25 ára gömul.

Um einstakar greinar frv. skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að tilraunaráð búfjárræktar skuli hafa á hendi eftirlit með fódurvöruverzluninni. Þar með fá bændur og seljendur ákveðinn aðila að snúa sér til í þessum efnunum, og er eðlilegt og rétt, að slík nefnd, skipuð fagmönnum einum, sjái um framkvæmd þessara mála. Benda má á í þessu sambandi, að ýmsum öðrum nöfnum, svo sem tilraunaráði jarðræktar og verkfæranefnd ríkisins, hefur verið falin framkvæmd mála, sem lögum samkvæmt ekki heyra beint undir verkahring þeirra. Það væri óþarft að skipa sérstaka nefnd vegna þessara mála, því að vafalaust yrðu þar tilkvaddir þeir menn, sem eiga sæti í tilraunaráði búfjárræktar.

Um 2. gr.

S. 1. haust fól landbúnaðarráðherra landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans að annast eftirlit með verzlun á fódurblöndum.

Landbúnaðardeildin framkvæmdi þetta eftirlit s. 1. ár, sá um töku sýnishorna og lét gera nauðsynlegar efnagreiningar í sambandi við það.

Það er því eðlilegast, að landbúnaðardeildinni verði áfram falið að annast þetta eftirlit.

Um 3. gr.

Leyfi það, er 3. gr. ræðir um, er haft til þess, að auðveldara verði fyrir eftirlitið að fylgjast með, hverjir framleiði og selji fódurvörur.

Um 4. gr.

Kröfur þær, sem hér eru gerðar, eru miðaðar við sams konar skilyrði og sett eru erlendis til framleiðenda við hliðstæðar stofnanir. Sumir framleiðendur fódur-

blandna hérlendis hafa einnig af sjálfsdáðum farið að einhverju eða öllu leyti inn á þessa braut.

Um 5. gr.

Gjald það, sem hér um ræðir, yrði ávallt mjög lítið, ca. $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{2}$ eyrir á hvert kg, og er sjóðnum ætlað að standa alveg undir kostnaði við eftirlitið, en sá kostnaður yrði mest fólgin í ferðalögum starfsmanna við töku sýnishorna og efnagreiningum.

Það orkar ekki tvímælis, að þetta eftirlit er fyrst og fremst gert í þágu kaupendanna, því að öflugt og öruggt eftirlit skapar tryggingu fyrir góðum og ósviknum fódurvörum, og því munu bændur og aðrir kaupendur þeirra greiða þetta gjald mjög fúslega.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Oft eru á heimsmarkaðinum seld ýmis ódýr efni sem fódurvörur án þess að hafa verulegt fódurgildi, og þurfa innflytjendur ávallt að gæta talsverðrar varúðar gagnvart þeim. Venjulegt kraftfóður hefur 80—120 kg í 100 fe., þó er oft gott að nota ýmsar fódurtegundir, eins og t. d. heymjöl, í fódurblöndur, og sáum við því ekki ástæðu til að útiloka þessar fódurtegundir frá fódurblöndum, enda þótt þær geti ekki kallast kraftfóður.

Um 8. og 9. gr.

Um leyfileg frávik frá tryggðu fódurgildi í fódurblöndum og ákvæði um töku sýnishorna er stuðzt við hliðstæð ákvæði í erlendri löggjöf.

Um 10. gr.

Hér er skýrt frá skaðabóta- og sektarákvæðum, sem við teljum nauðsynleg til að skapa aðhald um vandað vöruval og framleiðslu.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla (12.—18. gr.).

Vegna reynslu undanfarinna ára má telja útilokað, að framleiðendur sildar-mjöls og fiskimjöls hér á landi fáist til að tryggja ákveðið lágmark eggjahvitu í þessum mjóltegundum. Slikt krefðist sérstakra efnarannsóknna, sem sildarverk-smiðjurnar hafa ekki viljað gangast inn á að framkvæma. Hins vegar teljum við, að með ákvæðum þessa kafla laganna megi tryggja bændum óskemmt og gott sildar- og fiskimjöl til fódurs.

Við samning þessa lagafrumvarps höfum við stuðzt við erlend lög um sama efni og aflað okkur upplýsinga hérlendra manna eftir föngum.